


Stykkishólmsbær
Hafnargötu 3
340 Stykkishólmur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. maí 2012
Tilvísun: UST20120100195/edk

Úrbætur staðfestar og máli lokið

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 7. febrúar 2012 þar sem áformað var að áminna Stykkishólmsbæ vegna frávíka frá starfsleyfi fyrir urðun á óvirkum úrgangi við Ögur í Stykkishólmsbæ. Einnig er vísað í bréf frá Stykkishólmsbæ dagsett 16. mars sl. þar sem fram kemur áætlun um úrbætur vegna 6 frávíka, bréf frá Umhverfisstofnun, dagsett 3. apríl 2012, og innsend gögn sem bárust Umhverfisstofnun í tölvupósti 24. apríl 2012.

Frávíkin sem Umhverfisstofnun fór fram á að Stykkishólmsbær bætti úr eru eftirfarandi:


1. Nokkuð ósnyrtilegt var á hluta af athafnasvæði urðunarstaðarins þegar eftirlit fór fram. Samkvæmt ákvæði 4.7 í starfsleyfi skal halda athafnasvæði urðunarstaðarins snyrtilegu. Þá skal meðhöndlun úrgangs fara þannig fram að tryggt sé að hann valdi hvergi óþrifnaði. Í bréfi, dagsettu 16. mars 2012, tilkynnir Stykkishólmsbær að hreinsað hafi verið til á svæðinu og telst frávíkið því að fullu bætt. Umhverfisstofnun mun þó skoða þetta atriði sérstaklega í næsta eftirliti.
2. Kindur voru á svæðinu enda svæðið ekki afgirt og hlið ólæst en samkvæmt ákvæði 4.7 í starfsleyfi skal aðgangur að staðnum vera takmarkaður og hlið vera lokið nema þegar starfsemi fer fram. Í bréfi, dagsettu 16. mars 2012, tilkynnir Stykkishólmsbær að urðunarstaðurinn verði girtur af og því verki verði lokið fyrir 15. júlí 2012. Umhverfisstofnun samþykkir þessa áætlun og mun skoða úrbæturnar í næsta eftirliti.
3. Umhverfisstofnun hafði ekki borist áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mögulegrar hættu á bráðamengun. Þann 24. apríl sl. bárust Umhverfisstofnun umrædd gögn og teljast þau fullnægjandi að mati stofnunarinnar.
4. Umhverfisstofnun hafði ekki borist staðfesting á ábyrgðartryggingu, en rekstraraðila ber að taka ábyrgðartryggingu vegna mögulegs bráðamengunartjóns sbr. 16.gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þann 24. apríl sl. bárust Umhverfisstofnun umrædd gögn og teljast þau fullnægjandi að mati stofnunarinnar.

5. Neyðaráætlun vantaði samkvæmt ákvæði 4.6 í starfsleyfi. Umhverfisstofnun barst fullnægjandi neyðaráætlun frá Stykkishólmsbæ 24. apríl sl. og telst þetta frávik því að fullu bætt.
6. Molta og timburúrgangur eru geymd á svæðinu en ekki var gert ráð fyrir geymslu þessara efna á staðnum. Stykkishólmsbær tilkynnti Umhverfisstofnun þessa breytingu á rekstri þann 16. mars sl. Í bréfi, dagsettu 3. apríl 2012, samþykkti Umhverfisstofnun þessa breytingu og tilkynnti að hún gæfi ekki tilefni til útgáfu nýs starfsleyfis.

Umhverfisstofnun hefur nú móttakið úrbætur vegna 5 frávíka og upplýsingar um að úrbótum vegna síðasta fráviksins ljúki nú í sumar. Málinu telst því lokið af hálfu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri


Sigríður Kristjánsdóttir
deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands